

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, föstudagur, 20. maí 2022
Tilvísun: 2022010098/33

Efni: Umsögn Barna- og fjölskyldustofu vegna breytinga á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur), 530. mál.

Barna- og fjölskyldustofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 2. maí sl., þar sem stofunni er gefið tækifæri til þess að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til breytingar á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur), 530. mál. Þakkar Barna- og fjölskyldustofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Barna- og fjölskyldustofa fagnar því að með frumvarpinu séu lagðar til breytingar sem miða að því að lagaumhverfið með tilliti til hlutverks stofnunarinnar sé uppfært og valdmörk hvað varðar ábyrgð á verkefnum er tengjast þjónustu í þágu farsældar barna skýrð.

Ennfremur telur stofan jákvætt að með frumvarpinu sé lagt til að sú löggjöf sem breytingarnar ná til endurspegli betur réttindi barna samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, einkum hvað varðar réttindi skv. 3. gr. samningsins um það sem er barni fyrir bestu og 12. gr. samningsins um þátttöku barna. Gerir Barna- og fjölskyldustofa samkvæmt framansögðu engar athugasemdir við efni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt í óbreyttri mynd.

Barna- og fjölskyldustofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt,
f.h. Barna- og fjölskyldustofu

Hafdís Una Guðnýjardóttir





Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Reykjavík 30. maí 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur). Þingskjal 758 – 530. mál. 152. Löggjafarþing 2021-2022.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi senda frá sér svofellda umsögn um ofangreint mál.

Barnaheill styðja að meginstefnu til þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu en vilja taka undir sjónarmið sem fram komu í umsögnum frá umboðsmanni barna um breytingu á 13. grein, frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og frá Lúðvík Júlíussyni um 6. grein frumvarpsins.

Sjónarmið umboðsmanns barna um túlkun á 12. gr. Barnasáttmálans og um þátttöku barna er að mati Barnaheilla rétt. Börn eiga rétt á að segja skoðun sína óháð aldri og þroska og þau sem undirbúa ákvarðanir um þjónustu við börn ber að taka tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur og þroska barnsins. Það er því mikilvægt að halda orðalagi 12. greinar Barnasáttmálans í lögum svo ekki verði gerðar takmarkanir á rétti barna til þátttöku með rangri og þrengri ritun laga. Lög verða að vera í samræmi við Barnasáttmálann en ekki ganga gegn honum eða takmarka gildi hans. Það er því mikilvægt að gerðar verði breytingar á 13. grein frumvarpsins og Barnaheill styðja tillögu umboðsmanns barna að breyttu orðalagi.

Sjónarmið Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og Lúðvíks Júlíussonar um rétt barna til þjónustu óháð fjölskyldugerð eru jafnframt mikilvæg að mati Barnaheilla. Þjónusta við börn þarf fyrst og síðast að miðast við hvað hentar barni og hagsmunum þess á heildrænan hátt og því er mikilvægt að gert sé ráð fyrir að þjónusta sé veitt þar sem barnið býr og dvelur, bæði á lögheimili sem og umgengnisheimili eða ef barn býr í skiptri búsetu hjá báðum foreldrum.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja áherslu á jafnan rétt barna til að lifa og þroskast á besta mögulega hátt.



**Gæða- og eftirlitsstofnun
velferðarmála**

Velferðarnefnd Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2022
Þingskjal 758 – 530. mál

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur)

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála fagnar þeim breytingum sem frumvarpið sem er hér til umsagnar felur í sér og skýrir það hlutverk þeirra stofnana sem koma að samþættri þjónustu í þágu farsældar barna.

Í 6. gr. frumvarpsins sem hér er til umsagnar segir að við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 bætist eftirfarandi málslíður: „Sveitarfélög skulu tryggja að stuðningur við íbúa sem hafa barn á framfæri sé í samræmi við það sem er barninu fyrir bestu.“

Vill Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála benda á mikilvægi þess að tryggja börnum það sem þeim er fyrir bestu óháð fjölskyldugerð. Fjölskyldugerðir á Íslandi eru fjölbreyttar og býr fjöldi barna á tveimur heimilum, þó lögheimili geti eingöngu verið bundið við annað þeirra skv. núgildandi barnalögum nr. 76/2003. Meginmarkmið laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Huga þarf því vel að útfærslu og framkvæmd þjónustu sveitarfélaga þegar foreldrar barns með skipta búsetu eða foreldri með forsjá barns og ríkulega umgengni eiga ekki lögheimili í sama sveitarfélagi, enda á barnið rétt á samþættri þjónustu á báðum heimilum sínum.

Að lokum fagnar stofnunin 18. gr. frumvarpsins sem tryggir stofnuninni nauðsynlegar heimildir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu.

Virðingarfyllt,

Herdís Gunnarsdóttir,

forstjóri Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur. 530. mál.

Landssamtökin þroskahjálp þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi það.

Samtökin fagna því að veita eigi fötluðum börnum með langvarandi stuðningsþarfir þjónustu sem þeim ber eins og kemur fram í frumvarpinu.

Samtökin áréttu sérstaklega mikilvægi þess að gerð sé áætlun um þjónustu fyrir 18 ára aldur fyrir fullorðinsárin en gera þarf ráð fyrir að það sé áframhaldandi þjónusta eftir 18 ára aldurinn fyrir þá sem hafa viðvarandi fjölþættan stuðning allra þjónstuckerfa eins og félags-, heilbrigðis og menntamála og að samfella í þjónustu og stuðningi sé tryggð.

Ekki er þó nóg að breyta lögnum í þágu barna án þess að huga að því hvernig á að framkvæma þessa þverfaglegu vinnu milli þjónustuaðila. Ef Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála á að hafa eftirlit með gæðum þjónustunnar þarf að styrkja stofnunina til muna svo að hún nái með fullnægjandi hætti að sinna því verkefni eins og henni er ætlað.

Í frumvarpinu kemur fram að fötluð börn sem hafa þörf fyrir fjölþætta þjónustu á öðru/eða þriðja stigi til lengri tíma fái málstjóra stuðningsteymis og stuðningsáætlun. Fram kemur að sveitarfélögin munu bera ábyrgð á því hver heldur utan um málin og fái alla þjónustuaðila að borðinu. Í gegnum tíðina hefur verið erfitt að fá fagaðila úr heilbrigðisgeiranum eins og BUGL til samstarfs vegna mikillar manneklu hjá þeim og einnig eru biðlistarnir þar mjög langir. Eins og staðan er hjá BUGL núna finnst samtökunum augljóslega nauðsynlegt að efla starfið þar til muna svo að þetta geti náð fram að ganga.

Í 10. gr. frumvarpsins kemur fram að mikil áhersla sé lögð á snemmtækan stuðning og íhlutun strax og þörf er á. Landssamtökin Þroskahjálp vilja í því sambandi leggja mikla áherslu á að auka þurfi stöðugildi fagaðila í leik- og grunnskólum landsins til að þessi stuðningsáætlun verði á faglegum nótum en ekki einungis orð á blaði.

Í 12. gr. frumvarpsins kemur fram að mikilvægt sé að gerð sé sérstök stuðningsáætlun þegar barnið nær 18 ára aldri til að stuðla að samfellu í þjónustunni þegar barnið nær fullorðinsaldri. Landssamtökin Þroskahjálp hafa miklar áhyggjur af stöðu fatlaðs fólks, 18 ára og eldri, sem hafa ekki aðgengi að fjölþættri þjónustu/þjónustuteymi.

Í 25. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að framfylgja, segir m.a.:

Aðildarrikin skulu sérstaklega ... sjá fötluðu fólki fyrir þeirri heilbrigðisþjónustu sem það þarfnast sérstaklega vegna fötlunar sinnar, þar á meðal að bera kennsl á og grípa til aðgerða eins fljótt og auðið er eftir því sem við á og veita þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og frekast er unnt og koma í veg fyrir frekari fötlun, þ.m.t. meðal barna og eldra fólks,

Samtökin áréttu og ítreka að hlutaðeigandi stjórnvöld veita fötluðu fólki nú ekki þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt þessu ákvæði.

Í frumvarpinu kemur einnig fram að ef um fatlað barn er að ræða skuli réttindagæslumaður í störfum sínum huga að þörfum barnsins og hlusta á skoðanir þess og taka tillit í samræmi við aldur og þroska barnsins. Mikið álag er á réttindagæslunni í dag og mikilvægt er að efla starfsemi hennar til muna til að hún hafi getu til að sinna skyldum sínum.

Landssamtökin Þroskahjálpar óska eindregið eftir að fá fund með velferðarnefnd til að gera nefndinni betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri hjá Þroskahjálpar í málefnum fatlaðra barna og ungmenna

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi – nefndarsvið
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2022

Efni: Umsögn um „Breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur)“ 530. mál 152. löggjafarþing 2021-2022.

Í mati á áhrifum frumvarpsins stendur um markmið frumvarpsins:

Frumvarpinu er ætlað að stuðla að innleiðingu laga um um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, með því að tryggja að engar lagalegar hindranir standi innleiðingunni í vegi.

Með þetta markmið í huga þá stangast 6. gr. frumvarpsins á við markmið frumvarpsins.

6. gr. frumvarpsins er eftirfarandi:

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohijóðandi: Sveitarfélög skulu tryggja að stuðningur við íbúa sem hafa barn á framfæri sé í samræmi við það sem er barninu fyrir bestu.

Í þessari grein eru reistar tvær hindranir í veg innleiðingar frumvarpsins og réttindi barna takmörkuð. Túlkun á hugtökunum „stuðningur við íbúa“ og „hafa barn á framfæri“ takmarka réttindi barna og koma í veg fyrir að hægt sé að ná markmiði laganna.

Fjölskyldumynstur í dag eru mjög fjölbreytt og ekkert óalgengt að foreldrar komi sér saman um sameiginlega forsjá og jafna umgengni ef þeir búa ekki saman. Fötlun barna breytist ekki eftir því hjá hvoru foreldrinu það er eða hjá hvoru foreldrinu það hefur lögheimili. Þar af leiðandi hljóta réttindi barnsins að vera þau að báðir foreldrar þess, búi þeir ekki saman, fái viðeigandi stuðning og aðild að máli barnsins svo þeir geti stutt það og mætt þörfum þess.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að sveitarfélög eigi eingöngu að tryggja að foreldri sem er með lögheimili í sveitarfélaginu fái þjónustu í samræmi við það sem barni er fyrir bestu. Ekki virðist gert ráð fyrir því að báðir foreldrar barnsins njóti þessara réttinda. Það er andstætt 2. gr., 5. gr., 6. gr. og 18. gr. barnasáttmála Sp¹. Þetta á sérstaklega við ef foreldrar búa ekki í sama sveitarfélaginu. Þá á barnið ekki rétt á því að báðir foreldrar þess fái stuðning sem sé í samræmi við það sem barni er fyrir bestu.

¹ <https://www.barnasattmali.is/>



Í frumvarpinu er stuðningur við börn einnig takmarkaður við „íbúa sem hafa barn á framfæri.“ Hugtakið „að hafa barn á framfæri“ er almennt túlkað sem það foreldri sem hefur lögheimili barns án tillits til þess hver greiðir framfærslu barnsins². Þetta er því ekki til þess fallið að tryggja réttindi barna.

Snemmtæk íhlutun (snemmtækur stuðningur)

Í grein um snemmtæka íhlutun eftir Dr. Tryggva Sigurðsson „Snemmtæk íhlutun: markmið og leiðir“³ er lögð áhersla á mikilvægi foreldra:

„Snemmtæk íhlutun felst í því að sjá þessum börnum og foreldrum þeirra fyrir þjónustu með það að markmiði að draga úr áhrifum þroskavandamála.“

Um árangur af snemmtækri íhlutun:

„Sýnt hefur verið fram á með fjölmörgum rannsóknum að árangur af snemmtækri íhlutun er að verulegu leyti háður þátttöku foreldra í íhlutun fyrir börn með þroskafrávik og þeim stuðningi sem foreldrum er veittur beint og óbeint við umönnun og uppeldi barna sinna. Aukin áhersla er því lögð á samvinnu fagfólks, sem vinnur að snemmtækri íhlutun við foreldra, og innbyrðis samstarf fagfólks og þjónustustofnana fyrir fatlaða (Roberts, Rule og Innocenti, 1999)“

Ég sendi Ráðgjafar- og greiningarstöð fyrirspurn um hvort þetta ætti enn við í dag og fékk eftirfarandi svar:

„Smábörn sem ekki eru byrjuð í leikskóla njóta snemmtæktrar íhlutunar í smábarnateyminu sem starfar á Yngri barna sviði stofnunarinnar. Þar er mikið lagt upp úr þátttöku foreldranna og teymisvinnu þeirra aðila sem mest tengjast barninu og fjölskyldunni. Þannig að þessir þættir sem Tryggvi nefnir í greininni frá 2003 eiga alveg við þjónstuna sem við veitum yngstu börnunum í dag.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á íhlutun fyrir börn í leik- og grunnskólum. Þjónustan er ekki stöðluð milli sveitarfélaga og hugsanlega ekki jafn heildræn og æskilegt væri.“

Mikilvægi foreldra í snemmtækri íhlutun á enn við í dag. Engin rök eru til staðar eða rannsóknir sem sýna að það séu hagsmunir barna að foreldri fái ekki aðild að þjónustu, stuðningi og úrræðum fyrir barn.

Aðild foreldra að stuðningi

Aðeins lögheimilisforeldrar eiga rétt á aðild, stuðningi og þjónustu vegna barna sinna séu þau með fötlun. Þetta á einnig við jafnvel ef börn eru t.d. með dæmigerða einhverfu.

Ég sendi Félagsmálaráðuneytinu fyrirspurn um hvort þetta myndi breytast með tilkomu farsældarlaganna og ég fékk eftirfarandi svar:

² <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/vaxtabaetur-og-barnabaetur/barnabaetur/>

³ <https://www.greining.is/static/files/banner/Snemmtaek%20ihlutun.pdf>

"Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna fela ekki í sér breytingar á rétti til aðgangs að einstökum þjónustuþáttum og fela því ekki í sér aðgengi allra foreldra að allri þjónustu fyrir barnið."

Það er því ljóst að farsældarlögin tryggja ekki aðgang barna og foreldra að þjónustu sem barninu er nauðsynleg.

Sameiginleg forsjá og jöfn umgengni tryggir ekki sjálfkrafa aðild foreldra og réttindi barns.

Árið 2018 segir GEF(Gæða og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar:

"Það er hins vegar ljóst að skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustu ná aðeins til þeirra sem eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi, með því er ég ekki að segja að umgengnisforeldrar séu útilokaðir, heldur að það þurfi að endurskoða regluverkið ef veita á þjónustu vegna barns í öðrum sveitarfélögum heldur en barnið býr í. "

"Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að í 18. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er lögð sú skylda á aðildarríki að gera það í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á því að ala upp barn og koma því til þroska."(feitletrunin er mín)

Ekkert hefur verið gert til að bregðast við ábendingum GEF. Í svari sveitarfélags til GEF vegna kvörtunar foreldris með sameiginlega forsjá og jafna umgengni stendur:

"..[foreldri] er að gera athugasemdir við vinnslu mála sem [það] á ekki aðild að skv. stjórnsýslulögum og hefur því ekki hagsmuni af afgreiðslu þess."

Foreldrið var eingöngu að óska eftir því að fá að vera með. GEF gat ekki orðið við beiðni foreldris og er það því utan aðildar, fær ekki upplýsingar með eðlilegum hætti, aðild að úrræðum o.s.fr.v. Foreldrar og barnið eru nánast útlagar aðra hverja viku. Það er ótrúlegt að það sé vilji Alþingis.

Það er því ljóst að breyta þarf lögum og framkvæmd þeirra ef markmið frumvarpsins eiga að nást.

18. grein Barnasáttmála SP

Í 18. grein Barnasáttmála SP⁴ stendur:

" 1. Aðildarríki skulu gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að sú meginregla sé virt að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á að ala upp barn og koma því til þroska. Foreldrar, eða lögráðamenn, ef við á, bera aðalábyrgð á uppeldi barns og því að barni sé komið til þroska. Það sem barninu er fyrir bestu skal vera þeim efst í huga.

2. Til þess að tryggja og efla réttindi þau sem kveðið er á um í samningi þessum skulu aðildarríki veita foreldrum og lögráðamönnum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til þess að byggðar séu upp stofnanir og aðstaða og þjónusta veitt til umönnunar barna.

3. Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að börn foreldra sem stunda atvinnu fái notið góðs af þjónustu og aðstöðu til umönnunar barna sem þau kunna að eiga rétt á."

Frumvarpið, óbreytt, gengur því gegn 18. grein Barnasáttmála SP um þá meginreglu að foreldrar beri sameiginlega ábyrgð á uppeldi barns og koma því til þroska. Einnig er hvorki í þessu frumvarpi né öðrum lögum 18. grein Barnasáttmála SP virt.

⁴ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013019.html>

Umönnunarbyrði og jafnrétti

Það getur verið að nú sé ríkjandi sú hugsun að aðeins annað foreldrið eigi að bera ábyrgð á barni. Í því ljósi vil ég benda á nýlega rannsókn:

„Kolbeinn segir ljóst að eitthvað í lífshlaupi kvenna geri það að verkum að þær eru líklegri til að fara á örorku en karlar. Aðeins tilgátur geti útskýrt hvað það er á þessum tímamarki.“

„Konur eru líklegri til að vinna andlega og líkamlega slítandi umönnunarstörf. Þær eru líklegri til að bera þungan af heimilshaldi og umönnun barna, þær eru líklegri til að búa við fátækt, kynbundið ofbeldi og fleiri þætti sem leiða til þess að fólk endar sem öryrkjar.“⁵

Einnig hafa verið gerðar rannsóknir á fjölskylduábyrgð sem sýnir að jafnari ábyrgð hafi áhrif á launamun kynjanna.⁶ Að setja alla ábyrgð í hendur lögheimilisforeldris sem oftast eru konur hefur því bein neikvæð áhrif á launamun kynjanna.

„Jafnari fjölskylduábyrgð gæti þar af leiðandi leitt til minni kynbundins launamuns við ráðningu ef jöfn fjölskyldu-á-byrgð þætti sjáifsögð.“

Rannsóknir benda því til þess að lögin og framkvæmd laganna geti aukið líkurnar á því að mæður verði öryrkjar og haft bein neikvæð áhrif á launamun kynjanna. Það getur ekki verið vilji Alþingis að ýta undir slíkt.

Tillaga að breytingu

Ef það á að virða Barnasáttmála SP, virða réttindi barna og ná markmiðum frumvarpsins þá þyrfti 6. greinin í frumvarpinu að vera:

"Sveitarfélög skulu tryggja að barn með búsetu í sveitarfélaginu fái þann stuðning sem er því fyrir bestu. Búi foreldrar ekki saman þá skal þjónusta og aðild miðast við forsjá. Ef foreldri hefur ekki forsjá fær það aðild að þjónustu og stuðningsúrræðum sýni það vilja til þátttöku. Búi foreldri ekki í sama sveitarfélagi og barn skal sveitarfélagið þar sem barn er búsett vera veitandi stuðnings og þjónustu."

Til vara þá þarf að fjalla sérstaklega um börn sem fara reglulega í umgengni og fjalla með skýrari hætti en nú er gert um réttindi þeirra og foreldra þeirra til að tryggja að þau njóti öll sömu réttinda án mismununar.

Ég vona að þið takið umsögn mína alvarlega og til greina. Ég óska eftir því að mæta á fund til ykkar og útskýra mál mitt betur.

Virðingarfyllt,

Lúðvík Júlíusson

⁵ <https://www.visir.is/g/20191520278d>

⁶ <https://kjarninn.is/frettir/2019-06-25-ojofn-fjolskylduabyrgd-hefur-ahrif-stodu-kvenna-i-atvinnulifinu/>



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. maí 2022

2205016SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna, 530. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 2. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur), 530. mál.

Um er að ræða breytingar á nokkrum lögum á málefnasviði félags- og vinnumarkaðsráðherra sem allar tengjast setningu laga um sambætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 88/2021.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu áttu ráðuneytið og sambandið gott samráð um efni frumvarpsins og tók ráðuneytið fullt tillit til athugasemda sambandsins á vinnslustigi.

Lög um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna kalla á mikla vinnu hjá sveitarfélögum og samhæfingu kerfa innan sveitarfélaga og milli sveitarfélaga og ríkis. Sambandið hefur því lagt á það mikla áherslu frá upphafi að lögini yrðu innleidd með markvissum hætti og að þeim fylgdi nauðsynlegt fjármagn en gert er ráð fyrir að lögini verði að fullu komin til framkvæmda á næstu þremur til fimm árum. Sambandið hvetur Alþingi til að halda áfram að styðja við þær mikilvægu breytingar sem í lögnum felast með því að tryggja nauðsynlegt fjármagn til innleiðingar við afgreiðslu fjárlaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík 18. maí 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna, 530. mál.

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis til umboðsmanns barna, dags. 2. maí sl., þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu í þágu barna, snemmtækur stuðningur), mál nr. 530.

Umboðsmaður barna gerir athugasemd við 13. gr. frumvarpsins, þar sem lagðar eru til breytingar á 4. mgr. 31. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Eftir viðkomandi breytingar myndi ákvæðið kveða á um rétt barns til að tjá sig um mál sem það varðar í samræmi við aldur þess og þroska en í núverandi mynd þess kemur fram að fötluð börn eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar á þjónustu þeim til handa. Með því að veita börnum rétt á að tjá sig í samræmi við aldur þeirra og þroska er í raun verið að þrengja rétt þeirra til þess að tjá sig.

Samkvæmt 12. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna ber að tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varðar, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lagt áherslu á að ávallt skuli leggja mat á það hvort barn er fært um að mynda sér eigin skoðanir og gera beri ráð fyrir því að barn búi yfir færni til að tjá eigin skoðanir. Einnig hefur barnaréttarnefndin áréttað mikilvægi þess að ekki sé miðað við tiltekinn aldur, ung börn geta til að mynda tjáð skoðanir sínar þó svo að þau geti ekki gert það með orðum. Þá tekur 12. gr. Barnasáttmálans jöfnum höndum til allra barna hvort sem þau eru með fatlanir eða ekki. Aðildarríkjum Barnasáttmálans ber að hvetja börn til þess að mynda sér skoðanir og búa börnum aðstæður og umhverfi sem styður við rétt þeirra til þess að láta skoðanir sínar í ljós. Við innleiðingu 12. gr. ber að viðurkenna, og virða, önnur tjáningarform en orð, eins og leik, líkamstjáningu, svipdrætti og teikningar, sem leiðir fyrir ung börn að tjá skilning sinn og vilja. Það ber því ekki að gera kröfu um að barn geti skilið allar hliðar máls, eingöngu þarf að vera til staðar fullnægjandi skilningur, þannig að barn geti myndað sér skoðun.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að kveðið verði á um það í 4. mgr. 31. gr. laga nr. 38/2018, að taka beri tillit til sjónarmiða og skoðana barnsins við meðferð og úrlausn máls, í samræmi við hagsmuni þess hverju sinni. Umboðsmaður gerir einnig athugasemd við þetta orðalag, það hversu mikla hagsmuni barn á af tilteknu máli á ekki að hafa áhrif á það hvort tekið sé tillit til skoðana þeirra. Umboðsmaður leggur til að frekar verði kveðið á um að taka beri tillit til sjónarmiða og skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska til samræmis við 12. gr. Barnasáttmálans. Það er mikilvægt að aðildarríki Barnasáttmálans tryggi ekki aðeins rétt barna til þess að tjá sig heldur að einnig sé tekið tillit til sjónarmiða þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Umboðsmaður barna leggur til að 13. gr. frumvarpsins verði orðuð með eftirfarandi hætti:

4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Barn á rétt á að tjá sig um mál sem það varðar. Við meðferð og úrlausn máls sem varðar barn skal taka tillit til sjónarmiða og skoðana barnsins í samræmi við aldur þess og þroska.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna